

**Nd.**

## **152. Nefndarálit**

[28. mál]

um frv. til laga um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Þegar frv. þetta var lagt fram á síðasta vori var flestum þegar ljóst að erfitt yrði að ná því fram á þeim stutta tíma, sem væri til þingloka, og óvinnandi með öllu ef leita ætti umsagna hjá þeim fjölmörgu hagsmunaaðilum sem mál þettar varðar. Nefndin varð því sammála um að betra væri að nota tímann milli þinga til að gefa aðilum tækifæri til að skoða frv. vandlega og koma ábendingum og aðfinnslum til nefndarinnar í þingbyrjun, svo freista mætti þess að fá málid samþykkt áður en ár aldraðra væri á enda.

Því miður vantaði mikil á skil umsagna, svo málid var sent á nýjan leik til fjölmargra aðila. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, félagsmálastjóra Akureyrarbæjar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Öldrunarfæðifélagi Íslands, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Halldóri Halldórssyni lækni við Fjórðungssjúkrahúsíð á Akureyri, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Öldrunarráði Íslands. Pað hafði sent aðildarsamtökum sínum málid ásamt þeim brtt. sem stjórn Öldrunarráðs var sammála um að óska eftir við Alþingi að teknar yrðu til greina.

Fjórir aðilar, auch eins sem að framan greinir, svoruðu og fylgdu umsagnir þeirra með umsögn Öldrunarráðs. Þeir eru: Félagsmálastofnun Selfoss, Sálfræðingafélag Íslands, Alþýðusamband Íslands og Akureyrarbær.

Prátt fyrir ýmsar ábendingar og aðfinnslur fögnum flestir umsagnaraðilar frumvarpi þessu og telja að samþykkt þess (með nokkrum breytingum) marki tímamót í málefnum aldraðra.

Við athugun á fyrrgreindum umsögnum kemur í ljós að athugasemdir og gagnrýni beinast aðallega að eftirtoldum atriðum:

1. Réttmæti þess að setja sérlög um málefni aldraðra. Lagaákvæði um þessi málefni eigi heima í heildarlögum um félagslega þjónustu.
2. Nauðsyn þess að setja á fót sérstaka deild innan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til að sinna öldrunarmálum.
3. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra, fjölda nefndarmanna, tilnefningu og verkefni.
4. Ekki sé nægilega tryggt í frumvarpinu að samstarf stjórna heilsugæslustöðva og félagsmálaráða verði virkt, sbr. 5. og 16. gr.
5. Svæðisskipulag öldrunarmála taki á engan hátt mið af sérstöðu Reykjavíkurborgar.
6. Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra.
7. Ekki sé nægilega tryggt í frumvarpinu framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra.
8. Stjórnun dvalarstofnana fyrir aldraða.

Flestir eru athugasemdir umsagnaraðila smávægilegar, en komið er á móti flestum þeirra og er fullt samkomulag um þær í nefndinni.

Nefndin flytur breytingartillögur sínar, fimmtán að tölu, á sérstöku þingskiali. Þær hafa verið kynntar og skýrðar á sameiginlegum fundi með heilbrigðis- og trygginganefnd Ed.

Pálmi Jónsson og Guðmundur G. Þórarinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 1982.

Guðrún Helgadóttir,  
form.

Jóhann Einvarðsson,  
fundaskr.

Pétur Sigurðsson,  
frsm.

Magnús H. Magnússon.      Sigurlaug Bjarnadóttir.